



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Mannauðsskrifstofa

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um langtímaveikindi á umhverfis- og skipulagssviði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fram hefur komið að mikið er um langtímaveikindi að ræða á umhverfis- og skipulagssviði. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um langtímaveikindi á umhverfis- og skipulagssviði síðustu árin s.s. hvort tilfellum langtímaveikinda hefur fjölgað? Einnig hvort það sé hlutfallslega meira um líkamleg veikindi að ræða vegna eðli starfa? Hefur verið skoðað hvort rekja megi veikindin sérstaklega til kulnunar í starfi? Óskað er almennra upplýsinga um þessi mál hjá sviðinu, tölulegra upplýsinga

Fyrirspurninni var vísað til umagnar umhverfis- og skipulagssviðs, mannauðsskrifstofu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. ágúst sl.

Svar:

Veikindahlutfallstölur og skráð langtímaveikindi má sjá í meðfylgjandi töflu sem tekin er út úr Stjórnandanum í QlikSense

Veikindahlutfallstölur og skráð langtímaveikindi má sjá í meðfylgjandi töflu sem tekin er út úr Stjórnandanum í QlikSense Veikindi - USK		
Ár	Meðal veikindahlutfall	Langtímaveikindi
2019	6,20%	0,89%
2020	6,50%	1,48%
2021	6,80%	1,45%
2022	8,80%	2,53%
2023 (fyrstu 6 mán.)	7,20%	1,96%

Vert er að benda á að skráning og tölfræðilegt utanumhald langtímaveikinda er gerð með sérstakri skráningu í Vinnustund, en mögulegt er að skrá veikindi sem sannarlega eru



langtímaveikindi án þess að nota slíka skráningu. Vegna þessa er mögulegt að í einhverjum tilvikum vanti þessa merkingu þegar við á og hlutfall langtímaveikinda sé þar af leiðandi að einhverju leyti vanmetið. Einnig verður að taka fram að í þessar tölur vantar upplýsingar um veikindahlutföll í Sorphirðu Reykjavíkur þar sem að Sorphirðan er ekki í vinnustund. Stefnt er að því að Sorphirðan verði í vinnustund frá áramótum.

Ekki er haldið utan um eðli veikinda með skráningu á umhverfis- og skipulagssviði og þar af leiðandi ekki haldið utan um hvort að veikindi séu vegna líkamlegra þátta eða andlegra. Upplýsingar um veikindi eru viðkvæmar persónuupplýsingar skv. skilgreiningu laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk hefur rétt til að tjá sig ekki um eðli veikinda sín og stjórnendur og mannauðssérfræðingar sviðsins fara ekki fram á slíkar upplýsingar. Skv. verklagi trúnaðarlæknabjónustu er ekki gefið upp eðli veikinda í læknabréfum.

Í maí 2020 til maí 2021 voru ástæður komu til trúnaðarlæknis Vinnuverndar fyrir starfsfólk FÁST/ÍTR/MOS/MOF/USK/ÞON samanteknar en vegna fámennis á hverju sviði var ekki hægt að greina frekar niður á einstaka svið. Algengasta ástæða veikinda var vegna stoðkerfis (23%) og næstalgengasta ástæðan var andleg veikindi (18%).

Heilsuvernd sem sér um trúnaðarlæknabjónustu fyrir Reykjavíkurborg skv. núgildandi samningi, veitir mannauðsbjónustu MOS upplýsingar um eðli veikinda samantekið fyrir borgina - skrifstofa mannauðsmála hjá umhverfis- og skipulagssviði hefur ekki aðgang að slíkum upplýsingum niðurgreindum á svið.

Virðingarfyllst,
Ásdís Ásbjörnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Mannauðsskrifstofa